

## Vörutalning birgða

### Gagnlegar ábendingar:

1. Vörunúmer geta staðið fyrir fleira en birgðir, þ.e. vörunúmer geta einnig staðið fyrir **vinnu eða tæki** sem hafa eðlilega ekki skilgreinda birgðastöðu. Þessi vörunúmer hafa engu að síður skráða birgðastöðu í kerfinu í samræmi við fjölda seldra eininga eins og öll vörunúmer. Æskilegast er að þessi vörunúmer séu **skráð á tiltekinn vöruflokk** svo auðvelt sé að undanskilja þessi vörunúmer frá talningu. Þó þessi vörunúmer hafa enga raunverulega birgðastöðu er engu að síður ágæt vinnuregla að núllstilla magnið í kerfinu í núll um hver áramót til að sjá með einföldum hætti fjölda seldra eininga á líðandi ári.
2. **Handtölvur** er góð leið til að flýta fyrir talningu. Vörunúmerin þurfa þá að vera með skráð strikamerki svo handtölvun geti lesið hvaða vöru er um að ræða.
3. Mögulegt er að halda utan um **vörutalningu í Excel** og lesa inn í **Birgðaskráningu**. Talningarblaðið er fært yfir í Excel með hnapp úr tækjastiku. Eyðið öllum dálkum og hausum og skiljið aðeins eftir vörunúmer og skráð magn fyrir talningu. Færið inn talið magn í skrána. Þegar talningu er lokið og magn hefur verið skráð í Excel er upphaflegt magn tekið út þannig að eftir standa aðeins tveir dálkar í Excel, A og B dálkur. Í A dálki kemur fram vörunúmerið og í B dálki er talið magn. Ekki hafa haus á dálkum. Lína 1 er vara 1 og svo framvegis. Excel skráin er svo vistuð á CSV (Comma delimited formati, \*.CSV) og lesin inn í **Birgðaskráningu** með að ýta á **Lesu úr handtölvu**.
4. Vara sem er með **núll stöðu** þarf að skrá eins og aðrar vörur. Ef staða vörunnar var núll fyrir er þó óþarfi að telja hana, enda engin breyting. Þá er hakað við **Sleppa núll vörum** (sjá nánar aftar hvar það er gert).
5. Æskilegt er að **engin sala sé í gangi meðan talning fer fram** þar sem slíkt myndar augljósa villuhættu. Ef umfangið er mikið eða talning tímafrek er auðvelt að skipta talningu niður í daglega áfanga, t.d. eftir vörunúmerum, vöruflokkum eða staðsetningu. Talning er skráð inn tiltekinn dag og því æskilegt að ljúka hverjum áfanga á einum degi. Ágætt er þó að hafa í huga mikilvægi þess að hafa rétt magn skráð í lok rekstrarárs (oftast 31.12.20XX).
6. **Ef fleiri en einn lager** er skráður þarf alltaf að skipta talningunni niður á hvern lager, enda skráð lagermagn skipt niður á hvern lager fyrir sig.
7. **Endurreiknið birgðastöður** áður en talning hefst. Er þetta gert með því að velja *Fjárhagskerfi > Uppsetning > Endurreikna stöður*. Hakið þar við **Birgðakerfi**. Endurreikningur tekur yfirleitt 1 til 10 mínútur. Enginn annar notandi má vera með Stólpa opin á meðan endurreikningur fer fram.

Fyrir hvað stendur „Magn á lager“ nákvæmlega?

Áður en talning fer fram er nauðsynlegt að þekkja hvað skráð magn á lager stendur nákvæmlega fyrir í kerfinu. Í sölukerfinu eru fimm **nótutegundir** sem sjá má í yfirlitinu „Reikningar í vinnslu“ (sjá meðfylgjandi mynd):

1. **Reikningur (varan strax tekin af lager)**
2. **Tilboð**
3. **Pöntun**
4. **Frátekið (varan strax tekin af lager)**
5. **Samningur**

**Um leið og notandi stofnar nóttutegundirnar reikningur eða frátekt er varan strax tekin af lager. „Magn á lager“ minnkar því strax um það magn sem tiltekið er í þessum nóttum.**

Reikningar í vinnslu								
Veljið útlistanir	Fjöldi	Upphæð	Nr	T	Dags	Upphæð	Heiti móttakanda	Tilvísun
*** Allar nóttur ***	2	73.396 kr.	165	F	14.10.2016	9.565 kr.	Klara Íris Vigfúsdóttir	
			164	P	13.10.2016	7.174 kr.	Klara Íris Vigfúsdóttir	
Reikningur	1	61.440 kr.	163	T	12.10.2016	4.783 kr.	Klara Íris Vigfúsdóttir	
Tilboð	0	0 kr.						
Pöntun	0	0 kr.						
Frátekið	0	0 kr.						
Samningur	1	11.956 kr.						
Sölukerfi	2	73.396 kr.						
Verkbókhald	0	0 kr.						
Samningskerfi	0	0 kr.						
Felldar nóttur	29	966.645 kr.						
Varðveittar nóttur	3	21.522 kr.						

Ef fyrirhuguð sala (nótutegund reikningur) eða frátekt (nótutegund frátekt) gengur til **baka á að eyða slíkum nóttum um leið** og það liggur fyrir svo magnið skili sér strax aftur inn á lager. Hafi slíkt verið dregið og safnast hafi **upp mikið magn af úreltum reikningum eða frátektum hefur það veruleg áhrif á skráð magn á lager** sem skekkir þá alla talningu.

Ekki er óalgennt að notendur vilji gjarnan geyma nóttur í kerfinu hjá sér til upplýsinga síðar meir. **Óráðlegt er hinsvegar að geyma slíkar áminningar í nóttutegundunum Reikningar eða Frátekt svo magn á lager verði ekki rangt skráð.** Enda á yfirlitið „Reikningar í vinnslu“ að sýna notanda, eins og nafnið gefur til kynna, hvaða reikningar **ERU** í vinnslu en ekki hvað **VAR** í vinnslu. Nóttur sem notandi vill varðveita á að setja í **Varðveittar nóttur** eða **Felldar nóttur** sem gerist sjálfkrafa þegar nóttu er eytt eftir því hvernig nóttutegundin er stillt í stýriupplýsingum (sjá mynd).

* Um	Nóttur	Rafræn miðlun	Kassakerfi	Bifreiðar	Verkbókhald	Ítarlegt	Annað
<b>Stillingar nóttutegunda:</b>							
Tegund	T	Heiti	Erlent heiti	Haus?	Varðveita við reikn.færslu?		
Reikningur	R	Reikningur	Invoice	<input checked="" type="checkbox"/>	Eyða		
Tilboð	T	Tilboð	Offer	<input checked="" type="checkbox"/>	Varðveita		
Pöntun	P	Pöntun	Order	<input checked="" type="checkbox"/>	Varðveita		
Frátekið	F	Frátekið	Order	<input checked="" type="checkbox"/>	Varðveita		
Samningur	S	Samningur	Contract	<input checked="" type="checkbox"/>	Varðveita		

## 1. Talningarblað

Prentið út talningarblaðið með því að velja **Birgðatalning** í yfirliti birgðakerfis. Þessi aðgerð hefur í raun tvíþættan tilgang. Annarsvegar að prenta út talningablaðið og hinsvegar að útbúa birgðaskráningardagbók þar sem niðurstöður takningar eru skráðar inn í. Kefið biður um staðfestingu frá notanda hvort útbúa á slíka skráningardagbók og skal því svarað játandi. Stólpi gefur þá upp rununúmer birgðadagbókar sem talningin verður skráð inn í.

Sé handtölva notuð við talningu skal ekki láta kerfið útbúa slíka skráningardagbók þar sem við innlestur úr handtölvu sér Stólpi um að stofna og skrá inn lesin vörunúmer/strikamerki í samræmi við talið magn. Þarf þá að muna einnig að skrá inn núll stöður.

Veljið röðun talningalista og hakið við **Talning**. Ef sleppa á núll vörum er hakað við **Sleppa núll vörum**.

Ef talningin er mjög umfangsmikil eða tímafrek er ráðlagt að þrengja talninguna. Hægt er að þrengja talninguna við lagera, vöruflokka, vörutegundir, staðsetningar, birgja eða vörunúmer. Skiptir þá máli að vera með gott skipulag á talningunni svo ekki þurfi að tví-telja eða missa óvart af einhverjum vörunúmerum.



## 2. Skráning á töldu magni

Þegar talningu er lokið er talið magn skráð inn í Stólpa. Veljið **Birgðaskráning** í yfirliti birgðakerfis og veljið þar rununúmerið sem gefið var upp þegar talningarblaðið var skrifað út.

Miklu máli skiptir að **dagsetning** talningar og færsludagssetning sé rétt skráð í kerfið og ekki sé verið að útbúa sölunótur á sama tíma með tilheyrandi villuhættu. Ef skráning talningar hefur tafist af einhverjum ástæðum þarf að skrá rétta talningadagsetningu aftur í tímann og haka við „Nota ofangreinda dags. í stað færsludags“. Birgðirnar verða þá skráðar þann dag í stað þess dags sem skráning á sér stað.

Einnig þarf að haka rétt við ef strikamerki eru notuð.

Síðast uppfært 15.12.2016



Þegar rétt runa hefur verið valin og dagsetning er skráningarformið **Birgðaskráning** opnað með því að smella á „Áfram“. Gætið þess að réttur lager sé valinn og skráið inn talið magn. Munið að skrá einnig allar vörur með núll í töldu magni, því það er jafn mikilvæg talning og hver önnur niðurstaða.

**Sé handtölva** notuð við talningu er farið í **Lesu úr handtölvu**, efst í vinstra horni.


Vörunúmer/strikamerki og talið magn færast þá sjálfkrafa inn.

Þegar innskráningu er lokið er **Birgðaskráningu** lokað. Ágætt er að **Prenta** birgðaskráninguna út og geyma á vísum stað. Að lokum er **Runan Uppfærð**, og færast þá magnið inn sem lagerstaða vörunnar á skráðum færsludegi.


Í lokin er ágætt að taka örfáar stikkprufur til að kanna hvort skráningin hafi ekki örugglega tekist.

*Gangi ykkur vel.*

*Ef frekari upplýsinga er óskað er þjónustuborð Stólpa opið alla virka daga frá kl. 8 til 17 í síma 512-4400.*



Vörunúmer	Magn	Kaupversá Mýnt	Stuðull	Alfa %	Kostversá	Prófa %	Söluversá 1	Reiknings-	Söluversá 1 VSK
Strikamerki	Staðsetning	Lotunúmer	Fyrn. dags.	Tilboðsverð	Prófa 2%	Söluversá 2	lykill	Söluversá 2 VSK	
A010	200								
A020	150								
B010	78								
B100	80								
B120	50								
C010	200								
C020	200								
D100	200								
E020	40								
E030	80								
F100	200								
F200	200								
G100	200								



Birgðaskráning

Runa: 158

Skráningarabill: BIR

Dagsetning: 15.12.2016

Tegund skráningar

- Innkaup og kreditrótur
- Skráning sk.v. talningu
- Millifæra á milli lagara

Skrá eftir vörunúmerum birga

Skrá eftir strikamerkjum

Skrá eftir EAN strikamerki

Skrá lotur og fyrmingardagsetningu

Notað ofangreinda dags. í stað færsludags.

Upphæfa talningar (tímafrakt)

Buttons: Áfram, Prenta, Uppfæra, Hætta við